

Elisabeth Patriarca Kruger

From: Baldvin Bjorgvinsson <baldvinb@icloud.com>
Sent: mánudagur, 4. október 2021 10:15
To: Laufey Helga Guðmundsdóttir
Subject: Formleg ábending um alvarlegan ágalla á talningu í Suðvesturkjördæmi.

Sæl Laufey, ég geri ráð fyrir að þú komir þessum upplýsingum til réttra aðila, meðal annars til Undirbúningsnefndar kjörbréfanefndar.

Formleg ábending um alvarlegan ágalla á talningu í Suðvesturkjördæmi.

Umboðsmaður sendi eftirfarandi fyrirspurn til Landskjörstjórnar þann 29. september 2021.

“Sæl Laufey, ég geri ráð fyrir að þú sjáir um að koma fyrirspurn minni áleiðis til Landskjörstjórnar.

Spurningin er einföld:

Hver var stærð atkvæðaseðla þeirra er átti að nota við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í nýliðnum Alþingiskosningum sem lauk þann 25. september 2021?

Baldvin Björgvinsson
Hrauntungu 42, Kópavogi

Umboðsmaður J lista í Suðvesturkjördæmi.

Svar má senda í tölvupósti á: baldvinb@icloud.com”

Svar barst þann 1. október og er eftirfarandi:

“Tilvísun í mál: DMR20080058

Sæll Baldvin.

Vísa til fyrirspurnar þinnar um stærð utankjörfundarseðla.
Stærð þeirra er 148 x 210 mm.

Kveðja Bryndís”

Baldvin Björgvinsson umboðsmaður J lista Sósíalístafllokks Íslands varð þess áskynja að við talningu atkvæða í Suðvesturkjördæmi voru taldar þrjár stærðir af kjörseðlum.

1. Venjulegur kjörseðill sem notaður var á kjördag þann 25. september.
2. Kjörseðill sem samræmist málum þeim er Landskjörstórn vísar til að sé rétt stærð.
3. Kjörseðill sem er um það bil helmingi minni en sá er kjörstjórn vísar til að sé rétt stærð.

Hér með er þessum upplýsingum komið til þeirra er málið varðar og í þeirra hendur lagt að bregðast við með réttum hætti.

Baldvin Björgvinsson

Hrauntungu 42 í Kópavogi.

Umboðsmaður J lista Sósíalístafllokks Íslands í Suðvesturkjördæmi í Alþingiskosningum í árið 2021.